



## Púrím

Það er líf og fjör á Púrímhátiðinni. Þá klæða menn sig í furðuföt og safnast saman til að hlusta á frásögnina um það þegar Ester drottning og frændi hennar björguðu Ísraelsmönnum frá útrýmingu í Persíu. Maður að nafni Haman var ráðherra í ríkinu og vildi útrýma Ísraelsmönnum þar sem þeir vildu ekki hneigja sig fyrir öðrum en Guði sínum. Hægt er að lesa meira um þessa

atburði í kaflanum:

> *Forsaga gyðingdóms*  
> *Sagan af Ester.*



**Persar** voru fornt stórveldi.

Miðdepill ríkis þeirra var þar sem nú er Íran, en ríki þeirra náði yfir stóran hluta miðausturlanda og inn í bæði Evrópu og Mið-Asíu.

Á Púrím er lesið upp úr Esterarbók og í hvert sinn sem nafnið Haman kemur fyrir eiga börnin að hafa eins hátt og þau geta svo nafnið hans heyrist ekki. Einnig eru bakaðar sérstakar Púrímkökur í tilefni hátíðarinnar.

## Spurningar

1. Hvað gera gyðingar á Púrímhátiðinni?
2. Hvers er minnst með hátíðinni?